



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**569. fundur stjórnar SSH**  
**var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 4. desember 2023**  
**og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Heimilislausir með fjölþættan vanda - 2106009**

Skýrsla samstarfsverkefnis í málefnum heimilislausra, en að því verkefni komu Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes, var lögð fyrir á 556. fundi stjórnar. Sviðsstjórum velferðarmála umræddra sveitarfélaga, í samráði við framkvæmdastjóra SSH, var þá falið að vinna frumkostnaðaráætlun vegna innleiðingar þeirra tillagna sem settar eru fram í skýrslunni.

Á grundvelli framangreinds eru nú fyrirbyggjandi tillögur hópsins þar sem annars vegar er lagt til að fyrrgreind sveitarfélög taki þátt í vettvangs- og ráðgjafarteymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (VoR) og hins vegar að gengið verði til samninga við Samhjálp um lengri opnunartíma Kaffistofu Samhjalpar frá 1. desember 2023 til 29. febrúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Tillaga um samninga við Samhjálp um lengri opnunartíma er samþykkt. Afgreiðslu málsins er að öðru leyti frestað og óskað er nánari greiningar Samráðshóps á sviði velferðarmála því hvað felst í tillögu um þátttöku í VoR-teymi, hlutverki teymisins og ávinningi, fyrirbyggjandi kostnaði og áhrifum á aðra kostnaðarþætti.*

Fulltrúi Reykjavíkurborgar, Einar Þorsteinsson sem varamaður fyrir Dag B. Eggertsson, tekur sæti á fundinum.

**2. Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010**

Fulltrúar í viðræðuhópi við ríkið um uppfærslu Samgöngusáttmálans fara yfir stöðu viðræðna.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar

**Niðurstaða:**

*Umræður*

Rósa Guðbjartsdóttir fer af fundi. Þorbjörg Gísladóttir fer af fundi.

**3. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur - Location Reykjavík Capital Area - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103008**

Sem hluti af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins hefur verið þróaður og rekinn vefurinn Invest in Reykjavík <https://investinreykjavik.com/>. Með tilkomu Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins hefur staðið til að vefurinn og umsýsla hans færðist til stofunnar. Fyrir liggur minnisblað framkvæmdastjóra Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um framhald þessa en verkefnið getur verið hluti sóknaráætlunar 2024.

**Gestir**

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og vísað til umræðu síðar um áhersluverkefni sóknaráætlunar 2024.*

**4. SI Útboðsþing 2024 - 2311007**

SSH hefur undangengin ár tekið þátt í Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins og fyrirbyggjandi er tölvupóstur dags. 22. nóvember sl. með beiðni um þátttöku á þinginu 2024 en það verður haldið 30. janúar. Gert er ráð fyrir að skrifstofa SSH annist, í samráði við starfsfólk sveitarfélaganna, gagnaöflun vegna útboðsframkvæmda á vegum sveitarfélaganna, svo og kynningu á þinginu.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og samþykkt.*

**5. Umsagnir þingmála - 1910005**

Fyrirliggjandi til staðfestingar eru drög að umsögn SSH við frumvarp til fjáráukalaga 2023 sem nú er til meðferðar fjárlaganefndar Alþingis. Frumvarpið var ekki sent sérstaklega til athugasemda en gerð er tillaga um að SSH sendi að eigin frumkvæði umsögn til samræmis við fyrirbyggjandi drög og áðursendar athugasemdir SSH við frumvarp til fjárlaga 2023 og 2024 og fjáráukalaga 2022.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**6. Skíðasvæðin - Samstarfsnefnd - 2201005**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæðanna dags. 28. nóvember 2023 ásamt fylgigögnum.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**7. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 30. nóvember 2023.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**8. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 8. nóvember 2023.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**9. Önnur mál - 2110011**

1. Formleg vígsluathöfn vegna framkvæmda á skíðasvæðunum er áætluð laugardaginn 9. desember nk. kl. 11:00.

2. Umræða um gjaldskrár sveitarfélaga í tengslum við fjárhagsáætlanagerð 2024 og umræður vegna þeirra.

3. Umræða um vinnu spretthóps á vettvangi innviðaráðuneytisins um viðbrögð vegna húsnæðismála Grindvíkinga, m.a. skoðun á framboði lóða á höfuðborgarsvæðinu.

**Niðurstaða:**

*Umræður*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**